

Pórbjörn Áskelsson

2025/33

Pórbjörn Áskelsson fæddist 6. júlí 1904 að Austari-Krókum á Flateyjarðalsheiði. Foreldrar hans voru Áskell Hannesson bóndi f. 29.5. 1875, d. 31.3.1953, og Laufey Jóhannsdóttir Bessasonar f. 6.10.1877, d. 22.4.1927.

Pórbjörn var einn af ellefu systkinum.

Hann ólst upp með foreldrum sínum en þau fluttust að Skuggabjörgum í Dalsmynni 1909 og síðar að Fagraskógi í Arnarneshreppi 1921. Frá Fagraskógi lá leið þeirra að Svínárnesi á Látraströnd 1925 en að lokum fluttust þau til Grenivíkur 1928.

25. september 1932 kvæntist Þórbjörn Önnu Guðmundsdóttur, ljósmóður, frá Nýjabæ í Kelduhverfi f. 30. maí 1907 d. 18. febrúar 1983. Þau eignuðust sex börn, tvo drengi og fjórar stúlkur.

Pórbjörn sat í hreppsnefnd og skólanefnd Grýtubakkahrepps. Hann hafði mikinn áhuga á þeim málum sem gátu stuðlað að bættum hag byggðarlagsins.

Pórbjörn hóf ungur að aldri að leggja stund á sjómennsku, fyrst frá Skuggabjörgum og var á færaskipum. Hann var svo sjómaður í mörg ár.

Á meðan hann bjó á Svínárnesi lauk hann minna fiskimannaprófinu.

1930 hóf hann útgerð frá Grenivík ásamt Skafta bróður sínum. Saman gerðu þeir út bátinn Hjalta til ársins 1938. Var Pórbjörn skipstjóri á honum fyrstu árin. Eftir 1938 gerði Pórbjörn einn út bátinn til 1945 þegar hann seldi hann. Pórbjörn stofnaði, ásamt fleirum, Gjögur hf. árið 1946 og stóð fyrir því ævilangt.

Pórbjörn var einn af tólf sem fórust með TF-Hrímfaxa rétt hjá Osló í Noregi þann 14. apríl 1963. Hafði hann verið erlendis til þess að taka á móti fiskiskipinu Oddgeiri, sem Gjögur átti í smíðum í Hollandi. Var hann á heimleið að loknu erindinu þegar slysið varð.

Útför Þórbjarnar fór fram 27. apríl 1963 frá Grenivíkurkirkju.

Afhendingin barst frá Birni Ingólfssyni. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er 1025/5.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. október 2025

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2025 / 33

A - Þórbjörn Áskelsson

A - Þórbjörn Áskelsson

1944 - 1961

| | | | | |
|---|---|---|-------------|--|
| A | 1 | 1 | 1944 - 1961 | Bók með ýmsu bókhaldi o.fl.: útgerð Hjalta TH 272 1944-1945, reikningur vegna Vatnsveitu 1951, fiskikaup 1951-1953, uppgjör við Grýtubakkahrepp 1955-1961, skólahúsið og hreppurinn, bryggjan - laun og annar kostnaður, sjóvarnargarðurinn - laun og annar kostnaður, vinna með Farmal, Þönglabakkaskýlið - laun og annar kostnaður, kostnaður við þurrkhús, stofnframlag til Gjögurs hf., listi yfir skólabörn 1946. |
|---|---|---|-------------|--|